



Spilareglur			Innihald
Aldur	Leikmenn	Leiktími	60 spil (5 x 12 mismunandi persónur)
6+	2 to 6	u.p.b. 12 mín.	

### Markmið

Að lösa sig við öll spilin af hendi og vera fyrst(ur) að hrópa: „Hákkolla!“ Sá sem fær fæst stig sigrar

### Undirbúningur

Hafið blað og blýant við höndina til að skrifa niður stigin. Ákveðið hver á að gefa. Sá sem gefur stokkar spilin og gefur (á hvolfi) sem hér segir:

ef 2-4 spila – 7 spil  
ef 5-6 spila – 5 spil

Leikmenn mega skoða spilin sín og raða þeim á hendi. Setjið afganginn af spilunum í bunka á hvolf á mitt borðið. Snúið við efstu tveimur spilunum og leggið þau sitt hvoru megin við stokkinn þannig að myndin snúi upp (ef sama mynd er á báðum er annað sett ofan á hitt).

### Gangur spilsins

Hákkolluspilið er hraðaspil sem er spilað í 5 umferðum. Leikmenn skiptast ekki á heldur gera allir í einu, draga úr bunkanum og spila út spilum eins hratt og þeir geta uns einhver setur út síðasta spilið sitt og hrópar: „Hákkolla!“

Þegar allir eru tilbúnir segir sá sem gaf: „BYRJA!“ Þá mega leikmenn gera eitt af þrennu:

1) Búa til nýjan bunka með því að leggja niður tvö eða fleiri eins spil af hendi og láta þau snúa upp.



2) Leggja niður eitt spil af hendi ofan á einhvern bunka með eins mynd, þannig að það snúi upp.

3) Ef leikmaður getur ekki sett út spil verður hann að draga úr bunkanum á miðju borðinu þar til hann fær spil sem hann getur sett út.




### Lok umferðar

Um leið og einhver setur út síðasta spilið sitt hrópar hann „Hákkolla!“. Þá lýkur umferðinni þegar í stað. Allir leikmenn, sem enn eru með spil á hendi, fá eitt stig fyrir hvert spil (ekki gleyma að skrifa niður stigin). Sá, sem situr vinstra megin við þann sem gaf, tekur saman spilin, stokkar þau og gefur í næstu umferð

### Lok spilsins

Í lok fimmtu umferðar eru stigin lögð saman og sá sem fengið hefur fæst stig vinnur (til að lengja spilið má líka ákveða í byrjun að spila fleiri umferðir).

**Ath:** Vilji svo ólíklega til að allir leikmenn sitji í lokin uppi með eitt spil sem ekki passar neins staðar er jafntefli í þeirri umferð. Enginn fær stig, heldur er spilunum safnað saman og ný umferð hefst.



Alfreð Bóthildur Stebbi Mæja



Fjola Sölvi Lúðvík Súsanna



Ómar Eva Lalli Ása

Höfundur: Forrest-Pruzan Creative  
Grafísk hönnun: Dean MacAdam

**GAMERIGHT®** | Games for the Infinitely Imaginative®  
70 Bridge Street, Newton, MA 02458  
tel: 617-924-8006 | fax: 617-969-1758  
e-mail: jester@gameright.com | www.gameright.com  
©2004 Gameright, a trademark of Ceaco  
All worldwide rights reserved.

Spilavinir